

Ársskýrsla | 2004



Efnisyfirlit:

I. Yfirlit um starfsemi Einkaleyfastofunnar

Hlutverk

Almennt um starfsemina á árinu – yfirlit forstjóra

Laga- reglugerðarbreytingar

Einkaleyfi

Tölulegar upplýsingar

Annað

Vörumerki

Tölulegar upplýsingar

Hönnun

Tölulegar upplýsingar

Byggðamerki

Starfsmannamál

Tæknimál

Fræðslu- og kynningarstarfsemi stofnunarinnar

Erlent samstarf

Önnur verkefni og breytingar á árinu 2004

II. Árangursmat

Markmið ársáætlunar

Ársreikningur

Samanburður við áætlun

Skýringar á helstu frávikum

I. Yfirlit um starfsemi Einkaleyfastofunnar

Hlutverk

Meginhlutverk Einkaleyfastofunnar (ELS) er að annast skráningu vörumerkja, einkaleyfa, hönnunar og byggðarmerkja hér á landi.

Ennfremur er það hlutverk stofnunarinnar að aðstoða umsækjendur og veita þeim og öðrum aðilum upplýsingar um hvers kyns atriði er snerta verndarsvið þau sem stofnunin annast. Einkaleyfastofan fer einnig með alþjóðleg samskipti á sviði hugverkaréttinda í iðnaði.



Afgreiðsla ELS, Herdís Traustadóttir og Hafdís Ásta Marínósdóttir.



Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra flytur ávarp í móttöku í Þjóðmenningarhúsinu í tilefni af aðild Íslands að EPO 29. okt. 2004.

Yfirlit forstjóra Almennt um starfsemi Einkaleyfastofunnar

Árið 2004 var að mörgu leyti merkilegt fyrir Einkaleyfastofuna, m.a. þar sem að á árinu voru samþykkt frá Alþingi fjögur lög sem hafa áhrif á hugverkaréttindi og starfsemi Einkaleyfastofunnar.

Lög þessi varða vernd á uppfinningum á sviði líftækni, aðild að evrópska einkaleyfasamningnum, rafræna útgáfu ELS-tíðinda og rétt starfsmanna til uppfinninga. Lagabreytingar er varða uppfinningar á sviði líftækni og lög um uppfinningar starfsmanna hafa að geyma mikilvægar efnisreglur en hafa þó ekki mikil áhrif á starfsemi stofnunarinnar. Hins vegar hafa lög um aðild að evrópska einkaleyfasamningnum og lög um rafræna útgáfu ELS-tíðinda í för með sér miklar breytingar fyrir starfsemina. Þær breytingar ættu að vera til hagræðingar fyrir notendur einkaleyfakerfisins og starfsemi ELS. Nánar er greint frá lagabreytingum þessum hér síðar.

Aðild Íslands að Evrópska einkaleyfasamningnum er líklega það sem markar helst árið 2004. Þó að samningurinn hafi ekki tekið gildi fyrr en 1. nóvember, hófst fyrr á árinu samstarf við Evrópsku einkaleyfastofnunina (hér eftir nefnt EPO) og einnig ýmis undirbúningsvinna.

Segja má að með inngöngu í EPO hafi orðið viss tímamót í starfsemi ELS. Með aðildinni mun meðferð einkaleyfamála hér á landi breytast töluvert. Meirihluti allra einkaleyfa hér á landi munu í framtíðinni koma frá EPO og jafnframt mun umsóknum sem eingöngu taka til Íslands fækka.

Með aðild að Evrópska einkaleyfasamningnum gerist Ísland þátttakandi í sameiginlegu kerfi 30 ríkja. Þátttakan krefst þess m.a. að meðferð og framkvæmd sem fer fram hér sé í samræmi við það sem er í öðrum aðildarríkjum. Töluverð vinna felst í að undirbúa nauðsynlega verkþætti, þjálfa starfsfólk og innleiða nýtt kerfi. Sú vinna hófst á árinu 2004.

Í áætlun fyrir árið 2004 var gert ráð fyrir samdrætti í fjölda einkaleyfaumsókna og lítilli fækkun vörumerkjaumsókna. Sú varð ekki raunin, umsóknum um einkaleyfi fjölgaði um tæp 19% og um rúm 5% á sviði vörumerkja og hafa umsóknir um einkaleyfi aldrei verið fleiri.



Laga- og reglugerðarbreytingar

Á árinu 2004 voru samþykkt á Alþingi fern mikilvæg lög sem talsverð áhrif hafa á starfsemi ELS.

1) Líftækni.

Með lögum nr. 22/2004 var gerð breyting á lögum nr. 17/1991 um einkaleyfi. Meginbreytingarnar voru tilkomnar vegna tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/44/EB frá 6. júlí 1998 um lögvernd uppfinninga í líftækni. Einnig voru gerðar nokkrar breytingar sem byggjast á ákvæðum samningsins um hugverk í viðskiptum (TRIPS- samningsins) og samstarfssamningsins um einkaleyfi (PCT- samningsins).

Breytingarnar hafa m.a. í för með sér að kveðið er mun skýrar á um hvað sé einkaleyfishæft á sviði líftækni og hvað sé beinlínis undanskilið einkaleyfisvernd.

Allnokkrar breytingar voru einnig gerðar á reglugerð og auglýsingu um reglur varðandi einkaleyfisumsóknir vegna laganna.

2) Evrópski einkaleyfasamningurinn.

Lög nr. 53/2004 fela einkum í sér breytingar vegna aðildar Íslands að evrópska einkaleyfasamningnum frá 5. október 1973 en sá samningur tók gildi hér á landi 1. nóvember 2004. Auk þess hefur Ísland fullgilt breytingar á evrópska einkaleyfasamningnum frá árinu 2000 (EPC 2000) sem og svokallaðan Lundúnasamning.

Aðrar breytingar samkvæmt lögnum eru tilkomnar vegna ákvæða samstarfssamningsins um einkaleyfi (PCT-samningsins) og samræmingar við framkvæmd á alþjóðavettvangi. Ennfremur voru gerðar breytingar í þeim tilgangi að auka á skýrleika og gæta samræmis innan einkaleyfalaganna. Þá voru einnig gerðar nokkrar breytingar á reglugerð og auglýsingu vegna laganna.

Helstu nýmæli samkvæmt lögum nr. 53/2004 eru:

- a. Afnumin er sú takmörkun varðandi einkaleyfishæfi þekktra efna og efnasambanda sem nota á við lækningaaðferðir að um fyrstu læknisfræðilegu notkun þurfi að vera að ræða.
- b. Sett eru lágmarksskilyrði sem umsókn þarf að uppfylla til að hún fái umsóknardag.
- c. Heimilt er að yfirfæra alþjóðlega einkaleyfisumsókn til Íslands innan 31 mánaðar frá alþjóðlegum umsóknardegi eða forgangsréttardegi, sé forgangsréttar krafist, í stað 30 mánaða.
- d. Skýrt er tekið fram að einkaleyfishafi geti óskað eftir takmörkun einkaleyfis.
- e. Ákvæði um að dómstólar geti ógilt einkaleyfi í heild eða hluta er gert skýrara.
- f. Sömu skilyrði gilda um endurveitingu réttinda vegna árgjalda og um endurveitingu réttinda vegna annarra tilvika.
- g. Ákvæði 72. gr. um endurveitingu réttinda eiga einnig við um forgangsrétt skv. 1. mgr. 6. gr.
- h. Nýjum kafla, X. kafla a, um evrópsk einkaleyfi, er bætt inn í lögin þar sem íslensk löggjöf er samræmd evrópska einkaleyfasamningnum, breytingum á samningnum árið 2000 og Lundúnasamningnum varðandi þýðingar og þannig skapaður lagagrundvöllur fyrir því að unnt sé að framfylgja ákvæðum samningsins hér á landi.

3) Rafræn birting.

Með lögum nr. 54/2004 um breytingu á löggjöf um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar vegna rafrænnar útgáfu ELS-tíðinda, voru gerðar breytingar á lögum um hönnun nr. 46/2001, lögum um vörumerki nr. 45/1997 og lögum um einkaleyfi nr. 17/1991.

Lögin tóku gildi 14. júní 2004 og heimila að gefa ELS-tíðindi út og dreifa þeim á rafrænan hátt, þar á meðal á netinu. Fyrsta rafræna útgáfa ELS-tíðinda var birt 15. júlí 2004. Áfram er þó hægt að fá útprentun af ELS-tíðindum.

4) Uppfinningar starfsmanna.

Lög um uppfinningar starfsmanna, nr. 72/2004, eru fyrstu lög sem sett eru hér á landi varðandi slík réttarsambönd. Lögin tóku gildi 1. janúar 2005. Lögin ná bæði til opinberra starfsmanna og starfsmanna hjá einkaaðilum. Lögin gilda einungis um uppfinningar á tæknisviði, í skilningi einkaleyfalaga nr. 17/1991 en taka ekki til t.d. höfundar-, yrkis- eða hönnunarréttar.


Einkaleyfi

Tölulegar upplýsingar

Umsóknir um einkaleyfi voru samtals 529 á árinu. Umsóknir frá erlendum aðilum voru 463 og þar af voru 448 yfirfærðar alþjóðlegar umsóknir (PCT-umsóknir). Umsóknir frá íslenskum aðilum voru samtals 66, þar af 17 yfirfærðar alþjóðlegar umsóknir (PCT-umsóknir).

Fjöldi einkaleyfisumsókna jókst því verulega frá árinu 2003 eða um tæp 19%. Íslenskum umsóknum fjölgaði einnig milli ára úr 57 í 66.

Hér er tekin saman fjöldi umsókna síðustu þrjú ár:



Í ársáætlun 2004 var sett að markmiði að gefa út um 60 einkaleyfi á árinu. Það markmið náðist því veitt einkaleyfi voru 64 á árinu. Einkaleyfi til íslenskra aðila voru 4 talsins.

Annað

Í nóvember komu fulltrúar frá EPO til Reykjavíkur til viðræðna um tvíhliða samning varðandi samvinnu Einkaleyfastofunnar og EPO. Á fundinum var farið yfir hvaða atriði samningurinn gæti náð til, tímaáætlun og fjármögnun.


Eins og fyrr hefur komið fram voru gerðar viðamiklar breytingar á lögum og reglugerðum á árinu m.a. vegna aðildar að Evrópska einkaleyfasamningnum. Þar sem starfsmenn komu að þeirri vinnu hafði þetta töluverð áhrif á allt starf stofnunarinnar á árinu, sér í lagi einkaleyfedeildarinnar.

Vörumerki

Tölulegar upplýsingar

Vörumerkjaumsóknir á árinu 2004 voru samtals 3499. Þar af voru alþjóðlegar umsóknir (Madrid umsóknir) 2425. Frá íslenskum aðilum komu 516 landsbundnar umsóknir en 558 frá erlendum umsækjendum. Umsóknum fjölgaði um rúm 5% milli ára.

Hér er tekin saman fjöldi umsókna síðustu þrjú ár:



Fleiri vörumerki voru skráð á árinu, samtals 3457 miðað við 3349 á árinu 2003.

Í ársáætlun voru sett fram nokkur markmið er varða meðferðartíma. Góður árangur hefur náðst í meðferð andmælamála og liggja úrskurðir nú almennt fyrir innan 4 vikna frá því að mál er tilbúið til úrskurðar, eins og stefnt var að.

Sá tími er tekur að svara rökstuðningi umsækjanda vegna höfnunar hefur styst úr 6 mánuðum í 2 mánuði fyrir landsbundnar umsóknir. Hvað varðar alþjóðlegar umsóknir var biðtíminn allt upp í 12 mánuðir. Sett var það markmið að ná því niður í 9 mánuði. Það náðist og um áramót var biðin 6 mánuðir.

Hönnun

Tölulegar upplýsingar

Umsóknir á árinu voru 32, þar af voru 19 frá innlendum aðilum og 13 frá erlendum aðilum. Á árinu 2003 voru umsóknir 35 talsins. Þannig er um 10% fækkun að ræða milli ára þó að tölurnar séu ekki háar. Búast má við að umsóknum eigi þó eftir að fjölga á næstunni þar sem svonefndur Genfarsamningur og reglur er tilheyra honum kom til framkvæmda 1. apríl 2004. Genfarsamningurinn felur í sér alþjóðlegt skráningarkerfi á sviði hönnunar og er svipað að uppbyggingu og Madridkerfið á sviði vörumerkja.

Byggðamerki

Á árinu 2004 voru lagðar inn 4 umsóknir um byggðamerki og skráningar voru jafnmargar.

Starfsmannamál

Starfsmenn voru 23 talsins meginhluta ársins, auk tveggja starfsmanna í ræstingu.

Allnokkrar breytingar urðu í einkaleyfedeild. Tveir starfsmenn í deildinni fóru í fæðingarorlof. Annar frá febrúar til nóvember og hinn frá áramótum fram í ágúst. Í júní hætti starfsmaður í einkaleyfedeild sem hafði verið ráðinn tímabundið til árs. Starfsmaður deildarinnar sem starfað hafði um allnokkurn tíma hjá stofnuninni hætti störfum í september.

Í maí hófu störf tveir nýir starfsmenn á einkaleyfedeild til afleysinga. Annar var ráðinn til áramóta en hinn aðeins yfir sumartímann.

Í október var ráðinn starfsmaður í einkaleyfedeild til þriggja mánaða, vegna afleysinga.



Frá vörferð starfsmanna Einkaleyfastofunnar 2004.

Starfsmaður í almennri deild fór í barnseignarfrí í nóvember, til afleysinga var ráðinn starfsmaður tímabundið í 8 mánuði.


Lögfræðingur í vörumerkja og hönnunardeild fékk árs námsleyfi frá 1. september. Ráðinn var í hans stað lögfræðingur sem hóf störf í ágúst.

Í byrjun árs var deildarstjóra einkaleyfedeildar jafnframt falið að vera staðgengill forstjóra.

Starfsmenn sóttu ýmis námskeið og fundi hér á landi á árinu, s.s. tölvunámskeið.

Einn starfsmaður sat námskeið í hugverkarétti í Lagadeild Háskólans í Reykjavík á haustönn. Ennfremur tóku starfsmenn þátt í ýmsum námskeiðum erlendis, sér í lagi á vegum EPO.

Skipurit Einkaleyfastofunnar



Tæknimál

Á árinu tengdist Einkaleyfastofan nýju fjárhagskerfi ríkisins (Oracle).

Þar sem nokkur hluti þeirra gjalda sem stofnunin tekur við eru staðgreidd var þörf á sérstöku „kassakerfi“ sem tengist síðan fjárhagskerfi ríkisins. Ennfremur var þörf á bókhaldskerfi til stuðnings því kerfi til að unnt væri að halda utan um öll gjöld og tekjur með viðeigandi hætti. Fest voru því kaup á tvenns konar hugbúnaði, „Snertu“ kassakerfi og „DK“ bókhaldskerfi.

Talsverður tími og vinna fór í að innleiða þessi nýju kerfi.

Póstgíróþjónusta var lögð niður á árinu 2004. Því var nauðsynlegt að finna aðra leið til að gefa út greiðsluseðla fyrir viðskiptavinum. Stofnunin tók upp tengingu við Fyrirtækjabanka Landsbankans og gefur nú sjálf út greiðsluseðla sem geta birst í heimabanka viðskiptavina strax.

Mikil vinna var lögð í að bæta tölvutæka hönnunarskrá, sem er í sama hugbúnaði og vörumerkjaskrá (4 Dimension). Bætt var inn talsverðum upplýsingum og leitarmöguleikum. Þá var bætt við upplýsingum varðandi alþjóðlegar skráningar og möguleika á því að skoða myndir í skránni,

Í nóvember voru fest kaup á tíma- og viðverukerfinu Bakverði. Þetta nýja kerfi bætir umsjón með viðveru- og orlofsmálum og gefur möguleika á mun ítarlegri upplýsingum.

Fræðslu - og kynningarstarfsemi á vegum Einkaleyfastofu

Haldnar voru nokkrar kynningar á starfsemi stofnunarinnar á árinu. Tveir hópar laganema frá Háskólanum í Reykjavík komu í heimsókn til að fræðast um starfsemina.

Í nóvember komu neman úr efnafræðiskor Háskóla Íslands í heimsókn til að kynna sér einkaleyfakerfið og starfsemi stofnunarinnar.



Boðið var upp á nokkra fyrirlestra í húsnæði ELS, 26. apríl 2004.

Á alþjóðlega hugverkaréttardeginum, 26. apríl, var opið hús hjá stofnuninni og boðið upp á nokkra fyrirlestra. Var það vel sótt. Þetta var í fyrsta skipti sem stofnunin stendur fyrir sérstakri dagskrá í tilefni dagsins.

Á alþjóðlega hugverkaréttardegnum var hjá ELS fjallað um:

- Einkaleyfavernd og Evrópska einkaleyfasamninginn.
- Vörumerki og lén.
- Alþjóðlega skráningu hönnunar.
- Nýja tilskipun ESB á sviði höfundaréttar.

Um miðjan maí var haldin kynning á EPO fyrir ýmsa hagsmunaaðila hér á landi og farið yfir helstu breytingar sem aðild að EPO hefði í för með sér.

Starfsmenn Löggildingarstofu komu í heimsókn á ELS í maí og var þeim kynnt starfsemi ELS.

Í tengslum við heimsókn Dr. Ingo Kober, forstjóra EPO, í byrjun júní var haldinn fundur um aðild Íslands að EPO. Fundurinn var haldinn í Þjóðmenningarhúsinu og var ýmsum aðilum boðið til fundarins, sem aðildin varðar með einum eða öðrum hætti.

Í lok október var haldin kynning fyrir umboðsmenn og aðra sem starfa við einkleyfamál á þeim breytingum sem voru þá væntanlegar vegna EPO aðildar.

Erlent samstarf

Evrópska einkaleyfastofan

Eins og þegar hefur verið greint frá var aðild Íslands að EPO og upphaf af samstarfi við þá stofnun áberandi hluti starfsins á árinu.

Um mánaðarmótin maí-júní kom hingað til lands Dr. Ingo Kober, forstjóri Evrópsku einkaleyfastofunnar. Með honum í för voru m.a. Desantes, aðstoðarforstjóri EPO og Holzer framkvæmdarstjóri EPI (Félags evrópskra umboðsmanna).

Í tilefni heimsóknarinnar bauð iðnaðarráðherra Valgerður Sværssidóttir til kvöldverðar þann 31. maí. Þá var haldinn fundur með fulltrúum EPO og fulltrúum helstu hagsmunaaðila hér á landi í Þjóðmenningarhúsinu 1. júní.



Dr. Ingo Kober, forstjóri EPO og Manuel Desantes, varaforstjóri EPO ásamt fleirum funduðu með hagsmunaaðilum hér á landi 1. júní 2004.

Í júlí kom hópur rannsakenda á líftækni sviði frá EPO í heimsókn til Einkaleyfastofunnar. Starfsmenn einkaleyfádeildar kynntu starfsemina hér á landi og gestirnir kynntu starfsemi EPO á sviði líftækni.

Ýmis námskeið og ráðstefnur voru í boði á vegum EPO.

Í apríl sótti netstjóri stofnunarinnar námskeið varðandi heimasíður og tengd mál í Vín. Þá sótti einn starfsmaður PATLIB ráðstefnu í maí í Portúgal. Á þeirri ráðstefnu er lögð áhersla á umfjöllun um einkaleyfaupplýsingar og aðstoð við notendur.

Ennfremur fór einn starfsmaður á EPIDOS ráðstefnuna sem haldinn var í Prag í október. Á þeirri ráðstefnu er fjallað um nýjungar í upplýsingamiðlun gagnabanka EPO. Loks fór einn starfsmaður á námskeið/fund varðandi starfsþjálfun og endurmenntun í Munchen um mánaðarmótin nóvember-deember.

Þann 1. nóvember varð Ísland aðili að EPO. Í tilefni af þeim tímamótum bauð Iðnaðarráðuneytið og Einkaleyfastofan til móttöku í Þjóðmenningarhúsinu þann 29. október. Þar tóku til máls Iðnaðarráðherra Valgerður Sverrisdóttir, formaður Félags umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa Valborg Kjartansdóttir, formaður Samtaka um vernd eignarréttinda á sviði hugverkaréttar Árni Vilhjálmsson og Ásta Valdimarsdóttir forstjóri ELS.

Evrópska einkaleyfastofnunin (Organisation) samanstendur af Evrópsku einkaleyfastofunni (Office) og framkvæmdarráði. Hvert aðildarríki hefur einn fulltrúa í framkvæmdarráði og einn til vara. Forstjóri ELS, Ásta Valdimarsdóttir, á sæti í ráðinu og varamaður er Elín Ragnhildur Jónsdóttir, deildarstjóri einkaleyfedeildar. Framkvæmdarráð fundar almennt fjórum sinnum á ári. Fulltrúar Íslands tóku í fyrsta sinn þátt í fundum ráðsins í nóvember í Haag.

Samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja

Samstarf við Norðurlöndin hefur á liðnum árum og áratugum verið afar gott og mjög nytsamlegt. Samstarfið er komið í nokkuð fastar skorður. Á ári hverju eru tveir fundir með forstjórum, annar þeirra er nú að jafnaði með forstjórum Eystrasaltsríkjanna. Þá eru tveir fundir með fulltrúum einkaleyfedeilda og tveir með fulltrúum vörumerkja- og hönnunardeilda.

Fyrri fundur norrænu forstjóranna var haldinn í byrjun apríl í Helsinki. Sá seinni var haldinn hér á landi í Reykjavík. Sá fundur var einnig með forstjórum Eystrasaltsríkjanna.

Eins og fyrr segir voru tveir fundir í norrænum vinnuhóp um einkaleyfi, fyrri fundurinn var haldinn hér á landi í apríl og sá seinni í Osló í nóvember. Fundina sóttu deildarstjóri og lögfræðingur einkaleyfedeilda.

Norrænn vörumerkjafundur- og hönnunarfundur var haldinn í Helsinki í febrúar. Fundinn sóttu tveir starfsmenn Einkaleyfastofunnar. Annar norrænn vörumerkja- og hönnunarfundur var haldinn á Íslandi í september. Þann fund sátu fjórir starfsmenn Einkaleyfastofunnar

Auk þessa hefðbundna samstarfs fór talsverð vinna á árinu í að reyna að ná samkomulagi varðandi samvinnu um rannsóknir á einkaleyfum. Forstjórar funduðu vegna þessa í janúar í Kaupmannahöfn og yfirmenn einkaleyfedeilda í Stokkhólmi í mars.

Í ágúst sótti forstjóri ELS ráðstefnu á vegum NIR (Nordisk Immaterial Rättskydd) í Saltsjöbaden í Svíþjóð. Á ráðstefnunni voru fyrirlestrar er varða öll réttarsvið þau sem ELS annast.

Evrópusamstarf

Fundur í hugverkahóp EFTA var haldinn í Brussel í mars og í júní. Einn starfsmaður sótti hvorn fund.

Í maí sótti starfsmaður stofnunarinnar námskeið EFTA um EES samninginn og evrópusamstarf í Brussel.

Í mars og í október sótti deildarstjóri vörumerkja- og hönnunardeildar samráðsfundi í vörumerkjamállum hjá Vörumerkjaskrifstofu Evrópusambandsins í Alicante á Spáni.

Annað erlent samstarf

Að venju fóru fulltrúar stofnunarinnar á allsherjarþing Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) sem haldið er í september.

Í október sótti forstjóri ELS fjögurra daga námskeið um fullnustu hugverkaréttinda hjá Bandarísku einkaleyfastofunni í Washington.

Önnur verkefni eða atburðir árið 2004

Fundað var með stjórn Félags umboðsmanna (FUVE) í ágúst.

Á fundunum sátu auk stjórnar Félags umboðsmanna, starfsmenn Einkaleyfastofunnar ásamt fulltrúa frá iðnaðarráðuneyti. Á fundinum var rætt um aðild að EPO og sérstaklega reglur um rétt íslenskra aðila til að gerast umboðsmaður fyrir EPO.

Samkvæmt ákvæðum Evrópska einkaleyfasamningsins er meginreglan sú að þeir sem hyggjast koma fram sem umboðsmenn fyrir stofnuninni þurfi að standast tiltekið próf.

Pegar ný aðildarríki bætast við er gerð undantekning frá þessu fyrir þá sem hafa starfað að einkaleyfamálum í aðildarríkinu um nokkurt skeið. Tiltekin skilyrði þurfa þó að vera uppfyllt og sækja þarf um staðfestingu á því að svo sé hjá einkaleyfayfirvöldum. Einkaleyfastofan fékk nokkrar slíkar beiðni á árinu 2004 og í lok ársins höfðu átta íslenskir umboðsmenn verið skráðir sem umboðsmenn gagnvart Evrópsku einkaleyfastofunni.



Ýmsir aðilar er tengjast einkaleyfakerfinu tóku þátt í fundi með Ingo Kober forstjóra EPO og fleiri starfsmönnum EPO 1. júní 2004.

II. Árangursmat

Markmið ársáætlunar

Í ársáætlun fyrir árið 2004 var gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður stofnunarinnar yrði 115.950 m.kr. og að tekjur yrðu 105.340 m.kr.

Því var áætlað að neikvæður mismunur af rekstri yrði 10,6 m.kr. og gert ráð fyrir að nýttur yrði hluti höfuðstóls til að mæta því.

Ársreikningur

Samkvæmt rekstrarreikningi fyrir árið 2004 voru tekjur stofnunarinnar samtals rúmar 139 m.kr. Tekjur jukust um tæpar 18 m.kr. milli áranna 2003 og 2004. Gjöld námu rúmunum 121 m.kr. og hækkuðu þau um rúmar 14 m.kr. milli ára.

Tekjur umfram gjöld voru 17.574.629 kr. á árinu 2004.

Stærsti einstaki tekjuliðurinn eru alþjóðlegar vörumerkjaumsóknir. Sá tekjuliður nam rúmunum 40 m.kr. Því næst voru það tekjur af einkaleyfaumsóknum sem voru rúmar 24 m.kr.

Launakostnaður er stærsti gjaldaliðurinn og var hann tæpar 90 m.kr. á árinu.

Samanburður áætlunar og ársreiknings

Rekstrarafkoman var betri en áætlað var.

Rekstrarkostnaður var þó rúmunum 5 m.kr. hærri en gert hafði verið ráð fyrir. Tekjur voru hins vegar mun hærri en áætlað var eða tæpum 34 m.kr. hærri.

Þegar einstakir liðir í fjárhagsáætlun eru bornir saman við rauntölur ársins má sjá að launakostnaðurinn skekkir nokkuð myndina. Áætlað var að launakostnaður yrði 82 m.kr. en hann varð í raun tæpar 90 m.kr.

Skýringar á helstu frávikum

Helstu frávik á tekjuhlið eru vanáætlaðar tekjur. Gert var ráð fyrir að fjöldi umsókna frá innlendum aðilum yrði svipaður og undanfarin ár en búist var við að erlendum umsóknum einkaleyfi fækkaði um 30% vegna aðildar að EPO. Hér ber að hafa í huga að þegar áætlun var gerð í febrúar var búist við að af aðild yrði mun fyrr. Ísland varð ekki aðili að EPO fyrr en 1. nóvember og gætti því engra áhrifa af aðildinni á árinu að þessu leyti.

Helstu frávik á gjaldahlið eru í launakostnaði. Skýringar á þeirri hækkun er margþættar. Þar koma til almennar hækkanir samkvæmt kjarasamningum um áramótin 2004 og einnig einhverjar breytingar á launum í ljósi aukinnar starfsreynslu og einnig nýrra verkefna. Þá var bætt við starfsmönnum í tímabundin verkefni og ennfremur þurfti að ráða til afleysinga vegna fæðingarorlofa. Vegna fæðingarorlofa er oft þörf á að ráða og þjálfa nýja starfsmenn sem nokkurn tíma tekur að koma inn í störf. Í slíkum tilvikum eru tveir starfsmenn í sömu stöðu um tíma.

Þegar litið er yfir starfsemi Einkaleyfastofunnar og skoðaður fjárhagur og árangursamt má sjá að árið 2004 var viðburðarríkt og að árangur var betri en áður. Á þessu ári og næstu árum munu koma til talsverðar breytingar sem snerta starfsemi ELS. Þær breytingar sem þegar hafa komið til framkvæmda, eins og t.d. nýtt fjárhagskerfi og rafræn útgáfa hafa gengið afar vel. Starfsmenn ELS hafa verið fljótir að læra og viðskiptavinir fúsir að aðlaga sig að nýjungum. Því þarf ekki að kvíða enn frekari nýjungum sem vænta má í framtíðinni. Hafa þarf þó í huga að innleiða ekki of margar breytingar samtímis.

Reykjavík, júlí 2005

Ásta Valdimarsdóttir,
forstjóri Einkaleyfastofunnar